



Álfheimafréttir



Leikskólinn Álfheimar

30. árangur, 4. tölublað

Nú eru liðnar nokkrar vikur frá því leikskólinn opnaði eftir sumarfrí.

Á Álfasteini eru 16 börn sem öll hafa verið og eru í aðlögun á síðustu vikum. Þar eru 9 börn fædd 2016 og 7 börn fædd 2017.

Á Dvergasteini verða frá og með 1. október 21 barn, 8 börn fædd 2016 og 13 börn fædd 2015.

Á Völusteini eru 22 börn 11 börn fædd 2014 og 11 börn fædd 2015.

Á Óskasteini eru 24 börn, 8 fædd 2014 og 16 fædd 2013.

Á döfinni

14. sept—grænn dagur

5. okt -haustþing—leikskólinn lokaður.

17. okt—bleikur dagur.

29. okt—bangsadagur

Leikskóladagatal er á heimasíðu Álfheima.

Opnunartími leikskólans

Við minnum á að leikskólinn er opinn frá 7:45-16:30 og mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem börn þeirra eru með.

Ef foreldrar þurfa að breyta vistunartíma þarf að sækja um það fyrir 15. hvers mánaðar.

Leikskólinn Álfheimar
Sólvellir 8
800 Selfoss

alfheimar@arborg.is

alfheimar.arborg.is

480 3240

480 3242 - leikskólastjóri

480 3244 - Álfasteinn

480 3245 - Dvergasteinn

480 3246 - Óskasteinn

480 3247 - Völusteinn

Starfsmannahópur Álfheima 2018-2019

Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri
Eva Hrönn Jónsdóttir aðtoðarleikskólastjóri
Guðrún Ósk Guðjónsdóttir sérkennslustjóri
Guðrún Edda Hannibalsdóttir iðjuþjálfari
Ester Jóhannesdóttir leiðbeinandi/afleysing

Óskasteinn

Birna Jóhanna Sævarsdóttir deildarstjóri
Rós Ingadóttir leikskólakennari
Jill Renea Róbertsson grunnskólakennari
Bryndís Rósantsdóttir leiðbeinandi/stuðningur
Bjarkey Líf Ásmundsdóttir leiðbeinandi/afleysing

Völusteinn

Lísbet Nílsdóttir deildarstjóri
Ingibjörg Guðmundadóttir leiðbeinandi/stuðningur
Erna Guðjónsdóttir leiðbeinandi
Bryndís Brá Liljudóttir leiðbeinandi
Hulda Margrét Þorlákssdóttir leiðbeinandi/afleysing

Dvergasteinn

Hanna Rut Samúelsdóttir deildarstjóri
Sævald Viðarsson leikskólaleiðbeinandi B
Sunneva Lind Ármannsdóttir leiðbeinandi
Vildís Ósk Harðardóttir leiðbeinandi
Herdís Sif Rúnarsdóttir leiðbeinandi/afleysing

Álfasteinn

Margrét Jóna Ólafsdóttir leikskólakennari
Agnieszka Wankowicz leiðbeinandi
Sara Hrönn Rúnarsdóttir leiðbeinandi
Kristín Hanna Jóhannesdóttir leiðbeinandi
Birta Sólveig Söring Þórisdóttir leiðbeinandi/afleysing

Eldhús

Guðrún Lilja Stefánsdóttir matráður
Ásta Guðmundsdóttir aðtoðarmatráður

Í leyfi

Guðný Birgisdóttir deildarstjóri er í leyfi
Áslaug Ýr Bragadóttir leiðbeinandi er í leyfi, kemur til vinnu 1. október 2018
Harpa Reynisdóttir þroskaþjálfari er í leyfi
Harpa Hrönn Gísladóttir leikskólaleiðbeinandi A er í leyfi
Bára Sif Guðlaugsdóttir leiðbeinandi er í leyfi
Þórdís Ýr Rúnarsdóttir leiðbeinandi er í leyfi

Þriðjudaginn 11. september komu heimilisfólk og starfsmenn úr Vinaminni í heimsókn á Engið. Í fyrra fóru fjögur til sex börn af Óskasteini í heimsókn í Vinaminni einu sinni í mánuði og nú í vetur fara fjögur til sex börn af Völusteini í Vinaminnisheimsóknir. Þessi börn og kennarar þeirra buðu í rababaragraut og lummur sem voru elduð í útiöldun á Enginu þennan dag og áttu allir notalega stund saman.



Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn ár hvert þann 16. september á afmælisdegi Ómars Ragnarssonar. Þar sem hann var á sunnudegi þetta árið var ákveðið að halda upp á daginn 14. september. Við tókum upp kartöflur og Óskasteinn og Völusteinn elduðu og borðuðu kjötsúpu úti í garði. Skemmtilegur dagur þar sem veðrið lék við okkur.



Foreldrafélag Álfheima veturinn 2017-2018

Á Aðalfund Foreldrafélagsins mættu 2 ásamt stjórn og leikskólastjóra. Gaman væri að sjá betri mætingu næsta vetur.

Ása las yfirlit um árið. Í stjórn voru: Ása, Birgir, Elmar, Emilía, Gunna Stella, Jóhanna, Krístrún og Salome.

Veturinn gekk vel og okkur fannst gott að hafa svona marga í stjórn þar sem alltaf er eitthvað um forföll. Það er líka minni vinna þegar hún dreifist á marga.

Við skipulögðum og sáum um piparkökumálun og fönður í desember, einnig páskaeggjaleit rétt fyrir páska og svo munum við sjá um Vorhátíð leikskólans ásamt starfsfólki leikskólans, sem verður í byrjun júní.

Við pöntuðum leikrit sem var sýnt nemendum og starfsfólki leikskólans í mars. Fyrir valinu varð Pétur og úlfurinn sem er brúðuleikhússýning. Við ákváðum leikritið í samráði við starfsfólk leikskólans, almenn ánægja var með það.

Við erum búin að panta gjöf fyrir útskriftarnemendum sem afhend verður 31. maí þegar þau útskrifast. Það eru merkt handklæði eins og síðasta ár.

Auk þess munum við afhenda leikskólanum gjafir fyrir sumarfrí. Síðast gáfum við smásjá og spil og núna munum við gefa 50 buff merkt Álfheimum. Þau myndu einkum nýtast elstu deild leikskólans þegar farið er á viðburði á Selfossi ásamt grunnskólanemendum, s.s. þegar kveikt á jólatrénu og fleira. Þetta var hugmynd frá stjórnendum og starfsfólki leikskólans.

Emilía ræddi helstu tölur hvað varðaði kostnað og inneign félagsins. Jóhanna leikskólastjóri kom inn á foreldraráð, að á hinum leikskólunum væri bæði stjórn og foreldraráð (2-3) en þeir mættu líka vera í stjórn.

Ása og Jóhanna gefa ekki kost á sér áfram þar sem þeirra börn útskrifast í vetur. Birgir og Elmar gefa ekki kost á sér næsta vetur. Krístrún vill síður vera en gerir það ef ekki fæst nægilegt fólk. Emilía, Gunnhildur og Salome verða áfram næsta vetur í stjórn. Því þarf að finna helst 3 í stjórn og 2-3 af þeim þurfa að vera í leikskólaráði. Það er eitthvað sem ekki hefur verið starfrækt í Álfheimum en á að vera.

Takk fyrir

Foreldrafundir í Álfheimum

Óskasteinn þriðjudaginn 18. september kl. 15:00

Völusteinn fimmtudaginn 20. september kl. 15:00

Dvergasteinn mánudaginn 24. september kl. 15:00

Álfasteinn miðvikudaginn 26. september kl. 15:00